

Ísland þarf ríkisolíufyrirtæki

OLÍULEIT



Össur
Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

Jan Mayen-samningarnir frá 1980 og 1981 eru með sterkustu samningum sem íslenska utanríkisþjónustan hefur gert. Þeir voru tær sníld. Af miklu hugviti náðu samningamenn okkar fram hagstæðum reglum um hlutdeild í hugsanlegum olíulindum svæðisins. Þannig var afmarkað eins konar sameiginlegt nýtingarsvæði og á Ísland rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi á norska hluta svæðisins og Noregur á 25% þátttöku á íslenska hlutanum.

Samkvæmt samkomulaginu njóta Íslendingar margvíslegs hagræðis umfram Norðmenn. Endanlegur samningur mælti svo fyrir að ætluðu Norðmenn að nýta rétt til fjórðungshlutdeildar í lindum Íslandsmegin, þar sem nú heitir Dreka-svæðið, yrðu þeir að tilkynna það eigi síðar en mánuði eftir úthlutun rannsóknarleyfa. Þann rétt notfærði norska ríkisolíufyrirtækið sér varðandi leyfin tvö sem var úthlutað á Drekanum sl. sumar. Þeir bera þannig frá upphafi fjórðung kostnaðar við að koma svæðinu í vinnanlegt horf.

Íslendingar geta hins vegar beðið með ákvörðun þangað til fyrir liggur að byrjað er að draga upp olíu eða gas Noregsmegin og líkur eru á að hún sé arðbær. Áhætta íslenska ríkisins af slíkri þátttöku er því nær engin. Utan um íslensku hlutina í olíulindum Norðmanna er hins vegar

→ **Næsta skref er að stofna ríkisolíufélag til að halda utan um hluti Íslands í olíulindum Norðmanna sem verða til á vinnslusvæðinu Noregsmegin miðlínunnar.**

brýnt að stofna sérstakt ríkisolíufélag, líkt og Norðmenn gera í sama tilgangi. Fyrir því er raunar gert ráð í olíulögunum sem ég lagði fram á sínum tíma. Með þessu fyrirkomulagi bera Íslendingar enga fjárhagslega áhættu. Olíusjóðurinn yrði hlutafélag, sem dregur enn úr áhættu ríkisins.

Hagnaður þess gæti runnið í sérstakan olíusjód eða auðlindasjód að forðæmi Norðmanna. Þannig yrði tryggt að afrakstur lindanna kæmi núverandi kynslóðum aðeins til góða að litlu leyti en yrði ávaxtaður fyrir komandi kynslóðir, í krafti þeirrar fallegu röksemdar að hinir ófæddu eigi sinn skerf í endanlegum auðlindum þjóðarinnar.

Næsta skref er að stofna ríkisolíufélag til að halda utan um hluti Íslands í olíulindum Norðmanna sem verða til á vinnslusvæðinu Noregsmegin miðlínunnar. Staða Íslands sem olíuríkis styrkist því fyrir sem það er gert.